
INNTRANET SKÓLA

Í skólum þar sem tölvur eru tengdar saman í net þannig að sem einungis er hægt að vinna á tölvunum á staðnum er frekar talað um *staðarnet*. Með tilkomu þráðlauss nets og tengimöguleika utanfrá þá er talað um *innranet* skóla sem er staðsett í skólanum sjálfum og hægt að vinna við netið bæði innan og utan skólans. Hugsanlegt er að netið sé staðsett utan skólans hjá þjónustufyrirtæki en fáir skólar virðast nýta sér þann kost. Til að innranet skóla nýtist til fullnustu þurfa bæði kennarar og nemendur að geta tengst netinu utan skólans, ef þeir óska þess, og bæði sótt og skilað gögnum inn á innranetið hvar sem þeir kjósa.

Hugmyndin með nettengingu er að notendur geti samnýtt hugbúnað, gögn, jaðartæki, eins og prentara, og haft samskipti sín á milli með tölvupósti. Innranet skóla samanstendur af einum eða fleiri *netþjónum* (server) og nokkrum tugum af notendatölvum sem oftast eru PC-tölvur dreifðar um skólann. Netþjónar sjá um að geyma gögn og hugbúnað og þar geta notendur geymt sín gögn. Oft er sérstakur *póstþjónn* til að sjá um tölvupóst, *skrárþjónn* til að sjá um skrár og hugbúnað og sá *Internetþjónn* til að sjá um tengingu við Netið.

Notendur tengjast *staðarnetinu* með *aðgangsorði* og *lykilorði* og hafa mismunandi aðgang að mismunandi svæðum á netþjónum. Algengast er að notendur geti *vistað* (skrifað, save), *opnað* (lesið, open, read) og *skoðað* það sem er á netsvæðum. Allir notendur hafa *persónulegt svæði* á netinu sem oft er kallað *N-drif* þar sem einungis notandinn hefur aðgang og getur skoðað, vistað, lesið og eytt (delete) gögnum. Misjafnt er eftir skólum hvernig annar aðgangur er að skráageymslum á netþjónum.

Gott er að hafa svæði, t.d. K-drif, þar sem allir kennarar geta bæði skrifað og lesið gögn hver frá öðrum, s.s. námsáætlanir og sameiginleg verkefni. Auðvitað þarf að ganga um slík svæði með varúð og forðast að eyða annarra gögnum. Æskilegt er einnig að hafa svæði, t.d. S-drif, þar sem nemendur geta

sótt gögn frá kennurum án þess að geta sjálfir vistað en misjafnt er hvort skólar bjóða nemendum upp á sameiginlegt svæði þar sem þeir geta bæði vistað og opnað verkefni. Sameiginlegt svæði sem er opið fyrir nemendur þarfnast eftirlits því að það er freistandi að sækja efni út á Netið og setja þar inn. Algengara er að bjóða upp á svæði þar sem nemendur geta eingöngu vistað þegar þeir eiga að skila verkefnum til kennara en geta jafnvel ekki skoðað hvað er á svæðinu. Ef notað er kennslukerfi eins og WebCt þá bjóða þau oftst upp á skilakerfi þar sem þetta vandamál er leyst.

Með tilkomu þráðlauss nets og fjölgun fartölva má gera ráð fyrir að notendur visti sín gögn á harða diskum fartölvunnar, C-drifi, og noti frekar persónulegt drif, N-drif, á netþjóni til að eiga afrit af mikilvægum gögnum. Til að fara með gögn á milli tölva innan skólanets er hægt að nota persónulegt svæði, N-drif, eða sameiginlegt svæði, en bæði þessi svæði er hægt er komast í úr hvaða tölvu sem er á staðarnetinu.

Margar leiðir eru til að fara með gögn á milli tölva sem ekki eru á sama neti. Gamla aðferðin að nota *diskling* (skífu, floppy) sem eru settar í A-drif tölvunnar og hentar vel fyrir minni verkefni en er að verða úrelt þar sem geymslurými disklinga er eingöngu um 1,4 Mb. Mun algengara er að senda verkefni einfaldlega sem *viðhengi* (attachment) í tölvupósti á milli tölva. Ef verkefnið er mjög stórt þá þarf oft að nota sérstök *þjöppunar*- eða *pökkunarforrit* til að minnka umfang skrár um allt að 50% áður en sendingin fer fram en algengt forrit til pökkunar er WinZip.

Margir nota svokölluð *Zip-drif* til að fara með gögn á milli tölva en þá þarf þannig drif að vera til staðar á báðum tölvum (eða fara með það á milli tölva). Zip diskar taka mun meira af gögnum en disklingar (250MB eða 100MB) en hafa ekki náð mikilli útbreiðslu. Sú aðferð sem er vinsælust í dag til að flytja stór verkefni á milli tölva er að nota *geisladiska* (CD) því að geisladiskadrif er staðalbúnaður í tölvum í dag. Verkefni eru þá sett á sérstaka *skrifanlega geisladiska* með sérstökum *skrifara* (brennara) en þessir geisladiskar taka um 700 Mb af gögnum. Á einn geisladisk geta flestir kennarar því sett öll þau

gögn sem hann geymir á netkerfi skólans eða á öðrum hörðum disk og tekið með sér hvert sem er.

Í framtíðinni má gera ráð fyrir að nemendur skili sífellt fleiri verkefnum á tölvutæku formi á innraneti skólans og þar sem geyma þarf gögn sem eru hluti af námsmati þá er upplagt að kennarar skrifi gögn á geisladisk einu sinni til tvisvar á ári og eyði síðan út gömlum verkefnum af innraneti skólans. Einnig geta kennarar skrifað eigið námsefni á geisladiska og dreift því þannig til nemenda.

Einn möguleika til viðbótar má nefna hér en það er að geyma verkefni á *netdrifum* en nokkur fyrirtæki bjóða upp á þá þjónustu að notandinn geti geymt sín verkefni á tölvu fyrirtækisins og nálgast þau í gegnum Netið hvar og hvenær sem er á auðveldan hátt án sérstakrar þekkingar eða notkunar á svokölluðum *skráaflutningsforritum* (ftp-forrit). (Hér má nefna Zmail (<http://znail.tv2.dk>), I-drive (<http://www.idrive.com/> i-drive) og Files Anywhere (<http://www.filesanywhere.com/>)).

Miklu máli skiptir að bæði kennarar og nemendur *skipuleggi* vel svæði sín bæði á staðarneti skólans, eign (far)tölvu. Nauðsynlegt er fyrir kennara að útbúa *möppu* (folder) fyrir hvern hóp, eða bekk, sem þeir kenna og jafnvel að skipta möppunni upp í undirmöppur fyrir hver verkefnaskil. Nemendur þurfa einnig að útbúa möppur fyrir hvern áfanga eða fag á sinni fartölvu og/eða á sínu svæði á innranetinu og undirmöppur ef mikið er unnið á tölvuna. Gott er ef kennarar skólans koma sér saman um ákveðið kerfi varðandi nöfn á möppum og skilaverkefnum til að auðvelda alla umsýslu. Hér geta kennslukerfin enn og aftur komið til hjálpar og haldið utan um skil nemenda.

Á innraneti skóla er hægt að setja upp vefsíður og *innríf* og kosturinn við slíkt fyrirkomulag er að þeir sem ekki starfa í skólanum hafa ekki aðgang að þessum vef. Þar geta því kennarar lagt fram verkefni og námsefni sem þeir eru að þróa fyrir sína nemendur og nemendur skilað verkefnum á vefformi án þess að aðrir geti skoðað.

Og þá er bara að kynna sér vel hvernig innranetið er skipulagt í þínum skóla og koma fram með hugmyndir að netsvæðum og netaðgangi sem hentar þinni kennslu.

hvenær sem er á auðveldan hátt án sérstakrar þekkingar eða notkunar á svokölluðum *skráaflutningsforritum* (ftp-forrit). (Hér má nefna Zmail (<http://znail.tv2.dk>), I-drive (<http://www.idrive.com/> i-drive) og Files Anywhere (<http://www.filesanywhere.com/>)).

Miklu máli skiptir að bæði kennarar og nemendur *skipuleggi* vel svæði sín bæði á staðarneti skólans, eign (far)tölvu. Nauðsynlegt er fyrir kennara að útbúa *möppu* (folder) fyrir hvern hóp, eða bekk, sem þeir kenna og jafnvel að skipta möppunni upp í undirmöppur fyrir hver verkefnaskil. Nemendur þurfa einnig að útbúa möppur fyrir hvern áfanga eða fag á sinni fartölvu og/eða á sínu svæði á innranetinu og undirmöppur ef mikið er unnið á tölvuna. Gott er ef kennarar skólans koma sér saman um ákveðið kerfi varðandi nöfn á möppum og skilaverkefnum til að auðvelda alla umsýslu. Hér geta kennslukerfin enn og aftur komið til hjálpar og haldið utan um skil nemenda.

Á innraneti skóla er hægt að setja upp vefsíður og *innrivef* og kosturinn við slíkt fyrirkomulag er að þeir sem ekki starfa í skólanum hafa ekki aðgang að þessum vef. Þar geta því kennarar lagt fram verkefni og námsefni sem þeir eru að þróa fyrir sína nemendur og nemendur skilað verkefnum á vefformi án þess að aðrir geti skoðað.

Og þá er bara að kynna sér vel hvernig innranetið er skipulagt í þínum skóla og koma fram með hugmyndir að netsvæðum og netaðgangi sem hentar þinni kennslu.